



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 10. desember 2009

Ákvörðun nr. 39/2009

**Samruni Kaupfélags Skagfirðinga svf. (Torfgarðs ehf.), Íslenskrar  
vöruþróunar ehf. og Vogabæjar ehf.**

**1.**

Þann 18. ágúst 2009 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning frá Fulltingi lögfræðipjónustu f.h. Kaupfélags Skagfirðinga vegna samruna Kaupfélags Skagfirðinga svf. (Torfgarðs ehf.), Íslenskrar vöruþróunar ehf. og Vogabæjar ehf. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 2. september 2009 var samrunaaðilum tilkynnt að samrunatilkynningin væri ófullnægjandi samkvæmt samkeppnislögum og reglum um tilkynningu samruna þar sem tiltekin gögn og upplýsingar vantaði í tilkynninguna. Þannig vantaði m.a. upplýsingar um öll fyrirtæki eða einstaklinga sem réðu yfir samrunaaðilum og upplýsingar um stærstu birgja og viðskiptavinum aðila.

Með bréfi Fulltingis, dags. 18. september 2009, var Samkeppniseftirlitinu veittar upplýsingar um stærstu birgja og viðskiptavinum samrunaaðila en neituðu hins vegar að upplýsa Samkeppniseftirlitið um hvaða aðilar stæðu að baki samrunanum þar sem um hafi verið að ræða viðkvæmar trúnaðarupplýsingar.

Samkeppniseftirlitið gat ekki fallist á framangreint og sendi samrunaaðilum bréf, dags. 21. september 2009 þar sem bent var á að skv. reglum um málsmeðferð í samrunamálum nr. 684/2008 bæri að tilgreina öll fyrirtæki eða einstaklinga sem ráða yfir samrunaaðilum með beinum eða óbeinum hætti.

Með bréfi Fulltingis, dags. 24. september 2009, barst Samkeppniseftirlitinu loks upplýsingar um alla aðila samrunans, ásamt umboði hluthafa í Eyjafelli ehf. til handa Ólafi Magnúsi Magnússyni til að ganga frá sölu á Vogabæ.

Þann 23. október 2009 var samrunaaðilum tilkynnt um að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans.

**2.**

Í samrunatilkynningu segir að samruninn sé tilkominn vegna kaupa Kaupfélags Skagfirðinga svf. (hér eftir KS) á 50% hlut í Vogabæ. Með samrunanum breytist eignarhald Vogabæjar með þeim hætti að Torfgarður mun verða eigandi að 50% hlutafjár félagsins og Íslensk Vöruþróun að 50%. Torfgarður er dótturfélag í 100% eigu KS sem aftur er í eigu 1405 félagsmanna sem eiga innistæður í stofnsjóði. Íslensk vöruþróun er í 100% eigu Jóhanns H. Bjarnasonar. Tekið er fram að ekki sé um eiginlegan samruna að ræða þar sem Vogabær verði rekið áfram sem sjálfstætt félag.



Helsta starfsemi KS skv. samrunaskrá er sjávarútvegur, kjötframleiðsla, mjólkurframleiðsla, fóðurframleiðsla, verslunarrekstur, rekstur bíla- og vélaverkstæðis, ásamt vöruflutningum. Skráður tilgangur KS er að annast á sem hagfelldastan hátt hvers konar viðskipti og þjónustu fyrir félagsmenn og aðra, svo sem nánar er kveðið á í samþykktum félagsins, eða aðalfundur félagsins ákveður á hverjum tíma, efla atvinnu í héraðinu með beinni eða óbeinni þátttöku félagsins, sem hentast hverju sinni og að styrkja framtíð félagsins með því að treysta fjárhags þess.

Torfgarður er eignarhaldsfélag í 100% eigu KS sem stofnað var í júlí 2009.

Vogabær er matvælafyrirtæki sem framleiðir sósur og ídýfur fyrir matvörumarkaði og skyndibitastaði. Skráður tilgangur Vogabæjar er framleiðsla matvæla, verslun, inn- og útflutningur, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og tengdur rekstur.

Skráður tilgangur Íslenskrar vöruþróunar er kaup, sala og eignarhald verðbréfa, eign, leiga og rekstur fasteigna, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og skyldur rekstur.

Samkvæmt samrunaskrá er markmið KS með kaupunum að gera framleiðslustarfsemi sína enn fjölbreyttari og leita samlegðar í dreifingu á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við aðrar framleiðsluvörur, s.s. kjötvörur

Að mati samrunaaðila er samruninn ekki til þess fallinn að skapa samkeppnisréttarleg vandkvæði þar sem félögin séu í óskyldum rekstri.

### 3.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Samruni KS og Vogabæjar flokkast undir samruna í skilningi samkeppnisréttar en athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Í ljósi þess og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samrunans á grundvelli 17. gr. c. samkeppnislaga.

### 4.

#### Ákvörðunarorð:

**„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samruna Kaupfélags Skagfirðinga svf., Torfgarðs ehf., Íslenskrar vöruþróunar ehf. og Vogabæjar ehf.“**



Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson